

# **Rangárþing eystra**

**Ársreikningur 2019**

**Efnisyfirlit**

bls.

Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6 - 7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9 - 27

Rangárþing eystra  
kennitala: 470602-2440  
Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur

## Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2019 nam 2.065 m.kr. og er 106 m.kr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins samtals námu 1.216 m.kr. og voru 3 m.kr. yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 1.940 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.852 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um fjárhæð 125 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 38 m.kr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er jákvæð um fjárhæð 166 m.kr. og er afkoman 93 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Fjöldi ársverka á árinu var 120.

Það er álit sveitarstjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Íbúafjöldi Rangárbings eystra 1. desember 2019 var 1.960 en var þann 1. desember 2018 1.925. Íbúum fjölgaði um 35.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og áhrifin sem hann mun hafa eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna, lækkun annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda. Sjá nánar í skýringu 17.

Ársreikningur Rangárbings eystra fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Hvolsvelli, 14. maí 2020

Sveitarstjóri:

*Antonia Halldóttir*

Byggðaráð:

*Flurífríða Sigurðardóttir*  
*Lilja Einaesdóttir*  
*Christiane A. Behm*

Ársreikningur Rangárbings eystra fyrir árið 2019 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hvolsvelli, 15. júní 2020

Sveitarstjórn:

*Rannveig M. Ásgeirsdóttir*  
*Flurífríða Sigurðardóttir*  
*Rannveig Bergsson*  
*Gunn H. Ólafsson*

*Lilja Einaesdóttir*  
*Christiane A. Behm*  
*Antonia Halldóttir*

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Rangárþings eystra

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rangárþings eystra fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra, ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að meta hæfi sveitarfélagsins til áframhaldandi starfsemi og semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema mat þeirra sé að áframhaldandi starfsemi sé ekki möguleg. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

## Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Hvolsvelli, 15. júní 2020

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

*Berglind Hákonardóttir*

Berglind Hákonardóttir  
löggiltur endurskoðandi

*Ólafur Gestsson*

Ólafur Gestsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2019

Skýr	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti			
	2019	Fjárh.áætl.	2018	2019	Fjárh.áætl.	2018	
<b>Rekstrartekjur</b>	2						
Skatttekjur .....	1.220.173	1.216.500	1.135.085	1.215.566	1.212.910	1.130.883	
Framlög jöfnunarsjóðs .....	441.261	409.466	433.045	441.261	409.466	433.045	
Aðrar tekjur .....	278.581	225.673	309.557	407.741	335.894	449.161	
	<u>1.940.016</u>	<u>1.851.640</u>	<u>1.877.687</u>	<u>2.064.568</u>	<u>1.958.271</u>	<u>2.013.088</u>	
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	3 969.511	955.243	890.218	969.511	955.543	890.326	
Annar rekstrarkostnaður .....	747.716	748.178	867.625	802.727	785.898	922.609	
	<u>1.717.228</u>	<u>1.703.421</u>	<u>1.757.843</u>	<u>1.772.239</u>	<u>1.741.441</u>	<u>1.812.934</u>	
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		222.788	148.219	119.844	292.329	216.830	200.154
Afskriftir .....	6 (83.627)	(87.760)	(67.769)	(94.138)	(100.458)	(78.624)	
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>		139.161	60.459	52.075	198.191	116.372	121.530
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ....	4 (13.758)	(22.204)	61.191	(32.102)	(43.803)	39.049	
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>		125.403	38.255	113.266	166.088	72.569	160.579
Reiknaður tekjuskattur .....	13 0	0	0	(508)	0	(951)	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	5	<u>125.403</u>	<u>38.255</u>	<u>113.266</u>	<u>165.580</u>	<u>72.569</u>	<u>159.628</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir .....		2.129.628	2.098.411	2.257.941	2.232.162
Gatna - og veitukerfi .....		138.276	104.587	224.703	196.698
Vélar, áhöld og tæki .....		56.422	60.347	56.560	60.485
		<u>2.324.326</u>	<u>2.263.345</u>	<u>2.539.205</u>	<u>2.489.345</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	7	237.045	229.486	237.045	229.486
Tekjuskattsinn eign .....	13	0	0	1.245	1.251
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	8	37.157	48.933	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	146.260	152.084	146.260	152.084
		<u>420.462</u>	<u>430.504</u>	<u>384.550</u>	<u>382.821</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>2.744.788</b>	<b>2.693.848</b>	<b>2.923.755</b>	<b>2.872.166</b>
<b>Veltufjármunir</b>					
Vörubirgðir .....		362	451	362	451
Önnheimtar skatttekjur .....	9	120.600	126.073	120.600	126.073
Næsta árs afb. eigin fyrirtækja .....	8	13.055	12.168	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	5.825	5.825	5.825	5.825
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		74.585	86.772	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	9	78.301	161.584	90.027	170.217
Handbært fé .....		104.960	20.942	104.960	20.942
		<u>397.686</u>	<u>413.814</u>	<u>321.772</u>	<u>323.507</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>3.142.473</u></b>	<b><u>3.107.662</u></b>	<b><u>3.245.527</u></b>	<b><u>3.195.673</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	10	2.319.933	2.155.108	2.251.937	2.046.934
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	11	147.500	139.666	147.500	139.666
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	12	435.993	477.049	634.639	675.789
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Bankareikningslán .....		0	53.537	0	53.537
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	12	53.798	66.505	59.195	71.628
Næsta árs afb. lífeyrisskuldb. ....	11	4.307	3.399	4.307	3.399
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		34.496	9.686	0	0
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		0	12.018	0	12.018
Aðrar skammtímaskuldir .....		146.446	190.694	147.447	191.703
Ógreidd opinber gjöld .....	13	0	0	502	999
		<u>239.047</u>	<u>335.839</u>	<u>211.451</u>	<u>333.284</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		822.540	952.554	993.590	1.148.739
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>3.142.473</u>	<u>3.107.662</u>	<u>3.245.527</u>	<u>3.195.673</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14-21				



## Sjóðstreymi ársins 2019

	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningskil A og B hluti		
	2019	Fjárh.áætl.	2018	2019	Fjárh.áætl.	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstrarniðurstaða .....	125.403	38.255	113.266	165.580	72.569	159.628
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	83.627	87.760	67.769	94.138	100.458	78.624
Verðbætur .....	12.113	17.826	12.161	19.080	27.601	20.866
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .....	12.494	6.000	12.404	12.494	6.000	12.404
Söluhagnaður .....	0	0	(643)	0	0	(26.683)
Breyting tekjuskattsinnæignar .....	0	0	0	6	0	(48)
	<u>233.637</u>	<u>149.841</u>	<u>204.958</u>	<u>291.298</u>	<u>206.628</u>	<u>244.791</u>
Breyting rekstrart. eigna- og skuldaliða:						
Vörubirgðir .....	89	0	(101)	89	0	(101)
Óinnheimtar skatttekjur .....	5.473	0	(27.748)	5.473	0	(27.748)
Aðrar skammtímakröfur .....	83.284	0	(66.596)	80.190	0	(70.455)
Fyrirframgreitt framlag til Brúar .....	5.825	5.824	(157.909)	5.825	5.824	(157.909)
Skammtímaskuldir .....	(56.266)	0	(22.231)	(56.771)	0	(22.187)
Greiðslur v. lífeyrisskuldbindingar .....	(3.752)	0	(3.233)	(3.752)	0	(3.233)
	<u>34.653</u>	<u>5.824</u>	<u>(277.817)</u>	<u>31.054</u>	<u>5.824</u>	<u>(281.632)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<u>268.290</u>	<u>155.665</u>	<u>(72.859)</u>	<u>322.352</u>	<u>212.452</u>	<u>(36.841)</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Kaupverð varanlegra rekstrarfj. ....	(105.186)	(150.500)	(495.027)	(104.576)	(159.500)	(495.283)
Söluverð varanlegra rekstrarfj. ....	0	0	1.000	0	0	32.390
Kaupverð fjárfestinga .....	(7.559)	(6.000)	(7.377)	(7.559)	(6.000)	(7.377)
Langtímakr. eigin fyrirtæki, breyting .....	12.477	11.905	11.616	0	0	0
	<u>(100.269)</u>	<u>(144.595)</u>	<u>(489.788)</u>	<u>(112.135)</u>	<u>(165.500)</u>	<u>(470.270)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyting .....	36.997	23.333	37.267	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....	0	0	400.000	0	0	400.000
Afborganir langtímalána .....	(67.463)	(55.121)	(57.351)	(72.662)	(60.670)	(75.619)
Skammtíma bankalán, (yfirdráttur) .....	(53.537)	0	53.537	(53.537)	0	53.537
	<u>(84.004)</u>	<u>(31.788)</u>	<u>433.454</u>	<u>(126.200)</u>	<u>(60.670)</u>	<u>377.918</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<u>84.017</u>	<u>(20.719)</u>	<u>(129.193)</u>	<u>84.017</u>	<u>(13.719)</u>	<u>(129.193)</u>
Handbært fé í ársbyrjun .....	20.942	20.942	150.135	20.942	20.942	150.135
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u>104.960</u>	<u>224</u>	<u>20.942</u>	<u>104.960</u>	<u>7.224</u>	<u>20.942</u>

# Skýringar

## 1. Helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Rangárþing eystra er sveitarfélag á suðurlandi og voru íbúar 1.960 þann 1. desember 2019. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Til sveitarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustustöð. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Rangárþings eystra, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir, Vatnsveita, Hitaveita og Fráveita.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Sveitarfélagið hefur gert samninga við Milu ehf. um uppbyggingu og rekstur ljósleiðarakerfis. Samningur vegna fyrri áfanga var undirritaður í júlí 2017 og samningur vegna seinni áfanga í nóvember 2018. Í samningunum er kveðið á um að Rangárþing eystra skuli vera umsjónaraðili lagningar og tengingar ljósleiðarakerfis og bera ábyrgð á framkvæmdinni en verkið unnið í samráði við Milu. Við lok lagningar og tengingar ljósleiðaraheimtauga færast eignarhaldið yfir til Milu sem ber alla ábyrgð og kostnað við rekstur ljósleiðarakerfisins frá afhendingu.

Framkvæmdir við ljósleiðarakerfi voru færðar sem fjárfesting í ársreikningum sveitarfélagsins árin 2016-2018, að frádregnu fjárframlagi frá Milu, heimtaugagjaldi notenda og styrkjum frá Fjarskiptasjóði. Miðað við samningsákvæði hefði átt að færa kostnað við ljósleiðarakerfi í rekstur sveitarfélagsins frá þeim tímapunkti sem ljóst var að eignarhald yrði hjá Milu eftir framkvæmdir. Færð hefur verið leiðrétting vegna þessa og áhrif af leiðréttingunni færast á eigið fé í ársbyrjun 2019 og samanburðarfjárhæðir leiðréttað samsvarandi. Frekari upplýsingar um leiðréttinguna og áhrif á rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi er að finna í skýringum nr. 6, 10 og 18.

### 1.3 Breytingar á samanburðartölum

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

### 1.4 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluta) og samantekinna reikningsskila (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

## Skýringar

### 1.5 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

### 1.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðuð við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

### 1.7 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir .....	25 - 40 ár
Veitukerfi .....	25 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	5-10 ár

Afskriftir eru reiknaðar á söluári en ekki á kaupári.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarmiðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

### 1.8 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

## Skýringar

### 1.9 Tekjuskattsinneign

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkufyrirtæki sem höfðu verið undanþegin tekjuskatti skuli vera skattskyld frá og með árinu 2006. Hitaveita sveitarfélagsins er hluti B-hluta ársreiknings samstæðu sveitarfélagsins og gilda framangreind lög um þá starfsemi.

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verðs í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metinn með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

### 1.10 Langtímakröfur

Langtímakröfur á eigin fyrirtæki eru bundin vísitölu neysliverðs. Reiknaðir vextir eru 4,5%.

### 1.11 Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

### 1.12 Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf, eru færð á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 1.13 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum. Yfirdættir á bankareikningnum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 1.14 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### 1.15 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2019. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

### 1.16 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2020. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

### 1.17 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

## Skýringar

### 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2019	Áætlun	2019	Áætlun
Skatttekjur:				
Útsvör .....	1.030.590	1.021.940	1.030.590	1.021.940
Fasteignaskattar .....	172.015	177.681	167.407	174.091
Lóðarleiga .....	17.569	16.879	17.569	16.879
	<u>1.220.173</u>	<u>1.216.500</u>	<u>1.215.566</u>	<u>1.212.910</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Útgjaldajöfnunarframlag .....	253.132	229.794	253.132	229.794
Framlag vegna grunnskóla .....	89.181	83.609	89.181	83.609
Framlag vegna lækkunar fasteignaskatta .....	90.665	86.572	90.665	86.572
Önnur framlög .....	8.284	9.491	8.284	9.491
	<u>441.261</u>	<u>409.466</u>	<u>441.261</u>	<u>409.466</u>
Skatttekjur samtals .....	1.661.434	1.625.967	1.656.827	1.622.377
Aðrar tekjur .....	278.581	225.673	407.741	335.894
Rekstrartekjur samtals .....	<u>1.940.016</u>	<u>1.851.640</u>	<u>2.064.568</u>	<u>1.958.271</u>
Íbúafjöldi .....	<u>1.960</u>	<u>1.801</u>	<u>1.960</u>	<u>1.801</u>
Skatttekjur á íbúa .....	848	903	845	901

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2019	Áætlun	2019	Áætlun
Laun .....	698.779	753.935	698.870	754.175
Launatengd gjöld .....	252.335	188.484	252.244	188.544
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	12.404	7.000	12.404	7.000
Framlög Brú lífeyrissjóður (sjá skýr. 11) .....	5.993	5.824	5.993	5.824
	<u>969.511</u>	<u>955.243</u>	<u>969.511</u>	<u>955.543</u>

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 37,4 mkr. á árinu 2019 til samanburðar við 40,2 mkr. á árinu 2018.

Stöðugildi í árslok 2019 voru 113 en fjöldi ársverka á árinu var 120.

Til samanburðar voru stöðugildi í árslok 2018 113 en fjöldi ársverka á árinu 2018 var 115.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2019	Áætlun	2019	Áætlun
Vaxtatekjur og verðbætur .....	5.520	13.681	5.521	13.681
Arður af eignarhlutum .....	7.243	2	7.243	2
Fjármagnstekjuskattur .....	(4.050)	0	(4.050)	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(29.446)	(44.116)	(40.816)	(57.486)
Vextir frá eigin fyrirtækjum .....	6.975	8.229	0	0
	(13.758)	(22.204)	(32.102)	(43.803)

### 5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	1.689.142	1.689.142	1.648.296
Félagsþjónusta .....	106.621	1.123	(105.498)	(117.844)
Heilbrigðismál .....	2.724	0	(2.724)	(2.700)
Fræðslu- og uppeldismál .....	997.872	77.419	(920.453)	(930.919)
Menningarmál .....	169.148	24.607	(144.541)	(152.215)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	218.202	51.551	(166.651)	(166.231)
Brunamál og almannavarnir .....	27.628	111	(27.517)	(27.010)
Hreinlætismál .....	80.029	41.009	(39.020)	(30.051)
Skipulags- og byggingarmál .....	71.146	15.517	(55.629)	(52.799)
Umferðar- og samgöngumál .....	40.195	5.000	(35.195)	(41.218)
Umhverfismál .....	38.951	1.071	(37.880)	(44.114)
Atvinnumál .....	40.527	33.437	(7.090)	(19.992)
Sameiginlegur kostnaður .....	204.508	9.760	(194.748)	(215.229)
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	18.319	0	(18.319)	(12.824)
Fjármagnsliðir .....	1.296	71.128	69.832	62.853
Aðalsjóður samtals .....	2.017.164	2.020.875	3.710	(101.998)
<b>Eignasjóður</b>				
Eignasjóður .....	245.187	378.775	133.587	165.434
Þjónustustöð .....	85.354	73.459	(11.895)	(25.182)
Millifærslur í A hluta .....	(461.965)	(461.965)	0	0
Sveitarsjóður samtals .....	1.885.741	2.011.143	125.403	38.255
<b>Félagslegar íbúðir</b>				
Félagslegar íbúðir .....	12.639	13.187	548	(3.235)
Leiguíbúðir .....	21.610	13.677	(7.933)	(10.473)
Vatnsveita .....	36.437	63.209	26.772	23.293
Skógaveitan .....	2.823	3.666	843	2.333
Fráveita .....	15.473	35.421	19.948	22.396
Millifærslur í B hluta .....	(4.608)	(4.608)	0	0
Sjóðir í B-hluta samtals .....	84.375	124.552	40.178	34.314
Samantekin reikningsskil samtals .....	1.970.115	2.135.696	165.580	72.569

## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

Sveitarsjóður:	Fasteignir og lóðir	Gatna- kerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð í ársbyrjun .....	3.292.596	392.809	140.126	3.825.531
Bakfærð fjárfesting í ljósleiðara .....	0	(241.075)	0	(241.075)
Leiðrétt kostnaðarverð í ársbyrjun .....	3.292.596	151.734	140.126	3.584.456
Afskrifað samtals í ársbyrjun .....	(1.194.184)	(52.146)	(79.780)	(1.326.110)
Bakfærð afskrift ljósleiðara .....	0	4.999	0	4.999
Leiðrétt afskrifað samtals í ársbyrjun .....	(1.194.184)	(47.147)	(79.780)	(1.321.111)
Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.098.411	340.663	60.347	2.499.421
Leiðrétting ljósleiðara .....	0	(236.077)	0	(236.077)
Leiðrétt bókfært verð í ársbyrjun .....	2.098.411	104.587	60.347	2.263.345
Viðbót á árinu .....	55.984	47.858	9.669	113.511
Innheimt gatnagerðagjöld .....	0	(8.325)	0	(8.325)
Endurmat lóða skv. álití 2/2010 .....	39.422	0	0	39.422
Afskrifað á árinu .....	(64.190)	(5.844)	(13.594)	(83.627)
Bókfært verð í árslok .....	2.129.628	138.276	56.422	2.324.326
Bókfært verð í árslok greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	2.217.052	380.197	111.973	2.709.222
Afskrifað samtals .....	(87.424)	(241.920)	(55.552)	(384.896)
Bókfært verð í árslok .....	2.129.628	138.276	56.422	2.324.326

Samantekin reikningsskil:	Fasteignir og lóðir	Gatna- og veitukerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð í ársbyrjun .....	3.564.697	867.089	141.514	4.573.301
Bakfærð fjárfesting í ljósleiðara .....	0	(241.075)	0	(241.075)
Leiðrétt kostnaðarverð í ársbyrjun .....	3.564.697	626.014	141.514	4.332.225
Afskrifað samtals í ársbyrjun .....	(1.332.536)	(434.315)	(81.029)	(1.847.880)
Bakfærð fjárfesting í ljósleiðara .....	0	4.999	0	4.999
Leiðrétt afskrifað samtals í ársbyrjun .....	(1.332.536)	(429.316)	(81.029)	(1.842.881)
Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.232.162	432.774	60.485	2.725.421
Leiðrétting ljósleiðara .....	0	(236.077)	0	(236.077)
Leiðrétt bókfært verð í ársbyrjun .....	2.232.162	196.698	60.485	2.489.345
Viðbót á árinu .....	55.984	50.465	9.669	116.118
Innheimt gatnagerða- og tengigjöld .....	0	(11.542)	0	(11.542)
Endurmat lóða skv. álití 2/2010 .....	39.422	0	0	39.422
Afskrifað á árinu .....	(69.627)	(10.918)	(13.594)	(94.138)
Bókfært verð í árslok .....	2.257.941	224.703	56.560	2.539.205

## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir, framhald

Bókfært verð í árslok greinist þannig:

Kostnaðarverð .....	2.489.153	853.867	113.361	3.456.381
Afskrifað samtals .....	(231.212)	(629.164)	(56.801)	(917.177)
Bókfært verð í árslok .....	<u>2.257.941</u>	<u>224.703</u>	<u>56.560</u>	<u>2.539.205</u>

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig

	Fjárfesting 2019	Áætlun 2019
A hluti:		
Grunnskóli .....	31.033	36.000
Íþróttamannvirki .....	0	5.000
Tjaldstæði .....	2.480	2.500
Ferðamannastaðir .....	0	4.000
Austurvegur 4 .....	<u>22.472</u>	<u>23.500</u>
	55.984	71.000
Gatnakerfi .....	39.533	60.000
Leiktæki, opin svæði .....	3.382	3.000
Grunnskóli, húsbúnaður .....	4.391	5.000
